



10
ára

Námsvísir
Vorönn 2013

viska

Fræðslu- og símenntunarmiðstöð
Vestmannaeyja

Starfsemi Visku hefur haft afar jákvæð áhrif á samfélagið í Eyjum



ARNAR
SIGURMUNDSSON
form. stjórnar Visku

Aðdragandi að stofnun Visku var ekki langur. Tillaga kom fram í Skólamálaráði Vestmannaeyja 2. september 2002 um að kanna áhuga hagsmunaaðila á stofnun símenntunarmið-

stöðvar í Eyjum og koma upp nauðsynlegum fjarkennslubúnaði. Á þeim tíma höfðu verið starfandi símenntunarmiðstöðvar í öllum landshlutum um nokkurt árabíl. Landfræðileg staða og metnaður kallaði á sérstaka miðstöðfjar- og símenntunar í Eyjum. Við vildum ekki sætta okkur við að verða eftirbátar annarra sambærilegra byggðarlaga á tímum mikilla breytinga í möguleikum til menntunar.

Erindi var sent til fjárlaganefndar Alþingis 8. nóvember 2002 með beiðni um fjárstuðning á fjárlögum 2003.

Einar Oddur Kristjánsson alþm., þáverandi varaform. fjárlaganefndar, aflaði málinu stuðnings og var fjárveitingu til Visku að finna í fjárlögum 2003. Viska sem er sjálfseignarstofnun var formlega stofnuð 6. janúar 2003 í Framhaldsskólanum í Eyjum og þar undirrituðu 18 aðilar stofnsamning að viðstöddum Tómasi Inga Olrich þáverandi menntamálaráðherra. Á stofndaginn var stjórn kjörin, en hana skipa fimm aðalmenn og þrjú til vara.

Ákveðið að taka upp nafnið Viska fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja. Páll Marvín Jónsson átti einnig hugmyndina að merki Visku sem var tekið í notkun á fyrsta starfsárinu.

Í skipulagsskrá sem undirrituð var á stofndaginn segir að markmið Visku sé að efla menntun í Vestmannaeyjum með því að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námsskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi. Hafa forgöngu um fræðslu og fjarkennslu á sem flestum sviðum og miðla til almennings og atvinnulífs í Eyjum. Þá skal Viska hafa samstarf við aðra fræðsluaðila í landinu sem sinna símenntun og endurmenntun á háskólastigi og vera í fararbroddi að nýtingu á bestu fánlegu fjar-

kennslutækni hverju sinni.

Regluleg starfsemi hófst í febrúar 2003 með ráðningu Bergþóru Þórhallsdóttir kennara í starf forstöðumanns. Frá upphafi hefur starfsemin verið að mestu til húsa á þriðju hæð að Strandvegi 50, þar sem aðgengi er að tveimur kennslustofum og skrifstofuaðstöðu. Viska hefur einnig lengst haft aðgengi að kennslustofu í Framhaldsskólanum. Framan af voru tólmstunda-námskeið nokkuð fyrirferðamikil. Fjarnemar á háskólastigi hafa frá upphafi haft aðstöðu til að stunda nám sitt í gegnum fjarfundarbúnað Visku. Bergþóra lét af störfum forstöðumanns vorið 2005 og þá var Valgerður Guðjónsdóttir, kennari og þáverandi aðstoðarskólastjóri á Hellu, ráðinn forstöðumaður. Allt frá stofnun hefur starfsemin verið í nánú samstarfi við Rannsókn- og fræðsetrið í Eyjum, nú Þekkingarsetur Vestmannaeyja. Undir þaki ÞSV - að Strandvegi 50 fer fram fjölbreytt starfsemi fyrirtækja og stofnana á sviði rannsókna, menntunar, nýsköpunar og þjónustu. Slikt er forsenda þess að hægt verði að þróa áfram öflugt samstarf þessara aðila.

Fjölbættir samningar við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins skipta miklu fyrir starfsemi símenntunarmiðstöðva um land allt. Samningar um náms- og starfsráðgjöf er orðinn snar þáttur í starfseminni. Til þess að bregðast við auknum verkefnum var Sólrún Berþórsdóttir náms- og starfsráðgjafi, ráðin í hlutastarf til að sinna þessu mikilvæga hlutverki. Þá hefur undirritaður haldið utan um fjármál Visku frá upphafi. Þessu til viðbótar annast þjónustufulltrúar ÞSV skráningu á námskeið og fleiri tilfallandi verkefni. Fjölmargir aðilar hafa komið að verki auk kennara og leiðbeinenda innanbæjar og utan. Viska hefur til margra ára annast framkvæmd og umsýslu með fiskvinnslunámskeiðum í Eyjum auk þess hefur verið boðið upp á fjölbreytt tólmstundanámskeið öll árin. Vaxtabroddur undanfarin ár hafa verið vottaðar námsleiðir og nú síðast Menntastöðir sem fór af stað í ársbyrjun 2013.

Stærð húsnæðis, einkun námsaðstaða, hefur verið takmarkandi þáttur í starf-

seminni. Viska hefur síðustu ár leigt rúmlega 25% af húsnæði Þekkingarseturs Vm. að Strandvegi 50. Í nóvember sl. keypti Viska ásamt Vestmannaeyjabæ liðlega 50% hlut Háskóla Íslands í 2. og 3. hæð að Strandvegi 50. Eftir kaupin á Viska 30% í eigninni en Vestmannaeyjabær 70%. Samhliða var gengið frá samkomulagi um að Háskóli Íslands hefji á ný starfsemi í Eyjum fyrir árslok 2013. Fasteignafélag í eigu ÞSV, hefur keypt framtíðarhúsnæði að Strandvegi 30 Vm. Stefnt er að því að starfsemi Þekkingarseturs Vestmannaeyja og fyrirtækja og stofnana muni flytja í hið nýja húsnæði sem ráðgert er að taka í notkun eftir 12 mánuði. Nýja húsnæðið sem er tæplega 800 fermetrar er á einni hæð, en núverandi húsnæði um 650 fermetrar á tveimur hæðum. Mun betri aðstaða verður í nýja húsnæðinu og möguleikar á stækkun þess. Áform eigenda eru að selja Strandveg 50 þegar flutt verður í nýtt húsnæði.

Á þessu ári verða liðin 40 ár frá upphafi og lokum eldgossins á Heimaey 1973. Þessar stóratburða í Íslandssögunni verður minnst með með ýmsum hætti hér í Eyjum. Í tengslum við afmælisárið hefur Viska staðið fyrir sérstöku verkefni um Húsin í hrauninu og lýkur því í dag. Þetta er hópvinna sem felur í sér nánari skráningu upplýsinga um eigenda- og íbúasögu í þeim húsum sem fóru undir hraun og ósku í eldgosinu á Heimaey fyrir 40 árum. Afraksturinn mun fara inn upplýsingavefnum www.heimaslod.is. Þá verða þrjú önnur afmælisverkefni á vorönn 2013, en þau fjalla um jarðsögu Vestmannaeyja, örnefni í Vestmannaeyjum einkum á heimalandinu og útilistaverkin á Heimaey.

Á merkur tímamótum er hollt að líta yfir farinn veg og horfa um leið til framtíðar. Viska er löngu búin að sanna tilverurétt sinn og hefur alla möguleika að eflast og vaxa á næstu árum. Að endingu þakkar Viska bæjarbúum og samstarfsaðilum fyrir öflugan stuðning á liðnum árum.

Vestmannaeyjum 23. Janúar 2013
Arnar Sigurmundsson,
form. stjórnar Visku

Viska er 10 ára og þér er boðið...



VALGERÐUR
GUÐJÓNSDÓTTIR
forstöðumaður Visku

Námsvísir Visku fyrir vorið 2013. Þá er nýr Námsvísir Visku, Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar Vestmannaeyja kominn í þínar hendur.

Í þessum Námsvísi finnur þú upplýsingar um námskeið af ýmsum toga; bæði námskeið sem metin eru til framhaldsskólaeininga, starfstengd námskeið og tómsundanámskeið. Á nýju ári verður boðið upp á námskeið af ýmsum toga sem tengjast hreyfingu og hollu mataræði, en fyrst og fremst menningu og sögu Vestmannaeyja. Þann 6. janúar sl. voru 10 ár liðin frá því að Viska varð til. Tímamótanna verður minnst með ýmsu móti á þessu skólaári. Fyrst ber að nefna að í haust sl. fór af stað verkefni Húsin í hrauninu og er því að ljúka um þessar mundir. Framundan eru svo nokkur spennandi verkefni í sambandi við þau tímamót að 40 ár eru liðin frá því að gos hófst á Heimaey og 50 ár frá upphafi Surtseyjargoss, ásamt því að Viska er 10 ára. Þannig að óhætt er að segja að spennandi tímar séu framundan hjá Visku.

Viska hefur það hlutverk að bjóða upp á fræðslu og símenntun fyrir fullorðin fólk. Viska þjónar einnig sveitarfélaginu og fyrirtækjum og stofnunum í Eyjum. Viska býður upp á ráðgjöf af ýmsu tagi eins og lesblindugreiningar fyrir þá sem eiga við lestrar- og skriftarvanda að etja. Þessi hópur á einnig kost á því að fara á námskeið til að læra að takast á við lesblinduna með ýmsum hætti. Hjá Visku er einnig hægt að hitta náms- og starfsráðgjafa, bæði til að fá upplýsingar og ráðgjöf varðandi nám og eins til að styrkja sig í starfi. Ráðgjaf býður einnig upp á áhugasviðsgreiningar. Sú ráðgjöf sem hér hefur verið nefnd er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Ef þér list á einhver námskeið í þessum Námsvísi þá hvetjum við þig til að skrá þig sem allra fyrst og mundu að fræðslusjóðir stéttarfélaganna taka langflestir þátt í því að greiða niður námskeiðsgjaldið. Svo við ráðleggjum þér að kynna þér reglurnar í þínum fræðslusjóði. Einnig vekjum við athygli á því að á afmælisárinu er boðið upp á nokkur námskeið og verkefni þátttakendum að kostnaðarlausu. Vertu velkomin í Visku vorið 2013. Við tökum vel á móti þér.

Fyrir hönd Visku.
Afmæliskveðjur
Valgerður Guðjónsdóttir



NÁMSKEIÐ VORÖNN 2013

- :: NÁMSLEIÐIR BLS. 5
- :: MENNING OG ÚTIVIST BLS. 6
- :: TÖLVUR OG TÆKNINÝJUNGAR BLS. 7
- :: TÓMSTUNDIR OG LISTIR BLS. 8
- :: MATREIÐSLA BLS. 9
- :: TUNGUMÁL BLS. 11
- :: SJÁLFSSTYRKING BLS. 11

Reglur um innritun og námskeiðsgjöld

- Innritun fer fram í síma, með tölvupósti, á facebook eða í gegnum vefsíðu Visku.
- Nokkrum dögum áður en námskeið hefst er haft samband við viðkomandi og hann beðinn um að staðfesta innritun.
- Staðfesting er skuldbindandi og með henni samþykkir þátttakandi að greiða námskeiðið.
- Viska áskilur sér rétt til að innheimta námskeiðsgjald að hluta til eða öllu leyti afboðið þátttakandi sig eftir að hafa staðfest innritun.
- Innritun lýkur að öllu jöfnu viku áður en námskeið hefst.
- Námskeiðsgjöld eru innheimt með greiðsluseðli nema skráð sé í gegnum vef Visku, þá má nota greiðslukort.
- Viska áskilur sér rétt til að fella niður námskeið ef ekki fæst næg þátttaka.

Skráning á námskeið vorannar er hafin og fer fram á

www.viskave.is

í síma 481-1950 eða á viska@eyjar.is

Starfsmenn Visku



Valgerður
Guðjónsdóttir
Forstöðumaður
viska@eyjar.is



Sólrún
Bergþórsdóttir
Náms- og starfs-
ráðgjafi/verk-
efnastjóri
solrunb@eyjar.is



Margrét
Hjálmarsdóttir
Þjónustufulltrúi
maggah@eyjar.is



Ester
Garðarsdóttir
Þjónustufulltrúi
ester@setur.is

Kynni mín af Visku góð



GUÐBJÖRG
SIGURGEIRSDÓTTIR

Viska, fræðslu og símenntunarstöð Vestmannaeyja er tíu ára um þessar mundir. Viska hefur á þessu tímabili staðið fyrir fjölbreyttum námskeiðum sem bæði hafa verið gagnleg og skemmtileg. Bæjarbúar hafa átt þess kost að sækja fjölbreytileg námskeið sem tengjast sögu, menningu, handverki, matargerð o.fl. Auk þess hefur Viska staðið fyrir fagnámskeiðum hvort sem er fyrir einstaklinga eða starfsstéttir. Viska heldur utan

fræðslu fyrir fullorðna og einnig um fjarnám á háskólastigi. Þegar ég var beðin um að skrifa nokkrar línur í tilefni afmælisins féllst ég fúslega á það enda hafa kynni mín af Visku verið góð, ég hef sótt þangað námskeið, stundað fjarnám með hennar aðstoð og komið að fullorðinsfræðslu. Miklu skiptir að íbúar Vestmannaeyja eigi þess kost að sækja stutt námskeið sér til ánægju. Ég var til dæmis í leshring um Reisubók Guðríðar Símonardóttur, eftir Steinunni Jóhannesdóttur, og í framhaldinu lásam við Reisubók Ólafs Egilssonar. Þetta voru frábær námskeið, hópurinn sem það sótti skemmtilegur og á góðar minningar frá þessum tíma. Ég sótti líka fimm tinda námskeið með góðum leiðsögumanni og mér er sérlega minnisstæð gangan upp á Blátind, alveg upp á topp, og svo niður Tikartær á leiðinni til baka. Fróðlegt námskeið með góðri hreyfingu og jafnframt áskorun. Mig minnir líka að ég hafi farið á örstutt tölvunámskeið á vegum Visku sem var gagnlegt og ég gæti alveg hugsað mér að sækja fleiri. Enda hefur Viska staðið fyrir ótal áhugaverðum námskeiðum m.a. um örnefni í Eyjum, listina að segja sögu, silfursmiði, tréskurð, bútasam, ullarþæfingu, indverska matargerð, fluguhnýtingar, hárgreiðslu, snyrtingu og margt, margt fleira skemmtilegt.

Viska heldur líka utan um nemendur sem stunda fjarnám á háskólastigi. Fyrir nokkrum árum útskrifaðist stór hópur hjúkrunarfræðinga frá Háskólanum á Akureyri, eftir að hafa stundað námið um fjarfundabúnað með aðsetur í Visku. Einnig hafa viðskiptafræðingar og kennarar útskrifast eftir að hafa notað aðstoðar Visku við fjarnámið. Auk þess hafa nemendur stundað nám á öðrum námsbrautum, þar sem fjarnám hefur verið mislangt á veg komið en það er misjafnt eftir deildum. Ég stundaði fjarnám við Háskóla Íslands og sat nokkra fjarfundi hjá Visku. Mest um vert, var að eiga þar vísan stuðning og eiga þess kost að taka prófin hér heima. Viska sá til þess að allt væri klappað klárt á prófdegi. Það var ómetanlegt.

Viska hefur staðið fyrir ýmsum fagnámskeiðum fyrir starfsstéttir og einnig fullorðinsfræðslu. Með Grunmenntaskólanum og Námi og Þjálfun í almennum bóklegum greinum opnast leiðir fyrir þá sem hafa einhverra hluta vegna horfið frá námi og vilja aftur setjast á skólabekk. Menntastöðir er ný námsleið sem opnar enn frekari möguleika. Ég hef átt þess kost að kenna við þessar námsleiðir sem er áhugavert og skemmtilegt því fullorðnir námsmenn eru allflestir áhugasamir og búa yfir mikilli reynslu og þekkingu sem þeir miðla áfram. Ég tel þetta námsframboð hjá Visku vera mjög mikilvægt rétt eins og þeir þættir sem ég hef áður talið fram. Viska, fræðslu og símenntunarstöð Vestmannaeyja er því afar mikilvæg í okkar samfélagi og vonandi nær hún að dafna og þroskast enn frekar á komandi árum.

Mesta eftirsjáin er að hafa ekki farið fyrr af stað



HEIÐA BJÖRK
MARÍNÓSDÓTTIR

Grein frá nemanda sem sat Grunmenntaskóla, Nám og Þjálfun í almennum bóklegum greinum og fór í gegnum raunfærnimat í verslunarfagnámi á einum vetri. Það er Heiða Björk Höskuldadóttir. Heiða starfar nú sem yfirmaður á Subway í Vestmannaeyjum ásamt því að leggja stund á nám í Menntastöðum.

Ég ætla nú ekkert að vera neitt voðalega formleg, en vá hvað þessi vetur hefur gefið mér mikið þökk og sé starfsfólki Visku, Starfsorku og auðvitað samnemendum. Í gegnum námið höfum við öll orðið eins og ein stór fjölskylda og við höfum stutt við bakið hvert á öðru í gegnum súrt og sætt. Mikil uppgötvun fannst mér að átta mið á því að maður gæti lært og verið bara alveg þokkalegur í því. Mesta eftirsjáin er að hafa bara ekki farið fyrr af stað. Einhver okkar ætla að halda áfram og stefna lengra sem mér finnst rosalega fínt og gleðilegt. Ég á eftir að sakna þess mikið að vera ekki á handahlaupum við að mæta á réttum tíma á morgnana niður í Visku og vera inni í þessum skemmtilega hópi með þennan gríðarlega skemmtilega og oftar en ekki svarta húmor. Ég veit að kennararnir eiga líka eftir að sakna okkar allra mjög mikið. Oftar en ekki voru þeir kennarar, sálfræðingar, pepparar, hlustarar og svo má lengi upp telja.

Við komum úr öllum áttum, erum á öllum aldri en öll alveg hrikalega skemmtileg J ég leyfi mér að segja að við kveðjum með meira á milli eyrnanna en okkur grunaði sjálf, með meira sjálfstraust og miklu meira stolt.

Ég sjálf hef bara tvisvar útskrifast, það var út af geðdeild, svo Grunmenntaskólanum áður en ég lauk Námi og Þjálfun og Verslunarfagnáminu. Loksins er ég orðin eitthvað JJ ég er orðin verslunarfagnaður og get þá titlað mig sem slíka í símaskránni.



Menntastofur :: 660 kennslust.

NÝTT

Hófst 7. janúar sl. og verður kennt á vorönn og einnig alla haustönnina. Sjá nánar <http://frae.is/namsskrar/menntastodir/>

Grunnmenntaskólinn :: 300 kennslust.

Ef þú ert ..

- eldri en 20 ára
- með stutta formlega skólagöngu
- hefur áhuga á að takast á við ný verkefni
- langar til að efla sjálfstraust þitt
- langar til að læra meira

Þá er Grunnmenntaskólinn eitthvað fyrir þig!

Í Grunnmenntaskólanum lærir þú grunnatriðin í stærðfræði, íslensku, ensku og tölvu- og upplýsingatækni. Þar að auki er meðal annars boðið upp á námstækni, sjálfsstyrkingu og náms- og starfsráðgjöf. Námið er samtals 300 kennslustundir sem skipt er upp í vor- og haustönn. Kennt verður tvisvar í viku frá kl: 18 – 21:30 og annan hvern laugardag frá kl: 09:30 – 13:40. Námskeiðinu lýkur með 80% mætingu og verkefnaskilum.

Tími:	Þriðjudaga, fimmtudaga og annan hvern laugardag.
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	53.000
Fjöldi:	Lágmark 10 manns

Grafísk hönnunarsmiðja kvöldnámskeið :: 120 kst.

Margmiðlunarsmiðja Grafísk hönnun. Þetta er hagnýtt verklegt nám fyrir þá sem vilja vinna efni fyrir prent og vefmiðla á tölvutæku formi. Kennt er á Adobe forritin: Illustrator (teikning), Photoshop (myndvinnsla) og InDesign (umbrot). Markmið námskeiðsins er að námsmenn nái tókum á grundvallaratriðum hvers forrits og séu í stakk búinir til að vinna einföld verkefni með samþættingu allra forritana og geti komið frá sér hugmyndum á tölvutæku formi. Námskeiðið byggir mest á verklegum æfingum í tölvu og raunverkefnum. Námskeiðið er 120 kennslustundir (80 klukkustundir) og verður kennt á mánudags og miðvikudagskvöldum frá kl 19:00 til kl 22:00. Kennt verður eftir samþykktri námsskrá Visku og Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins. Mörg stéttarfélag styrkja félagsmenn til náms hjá Visku. **Inntökuskilyrði:** Námsmenn þurfa að hafa þekkingu á Windows stýrikerfinu og reynslu af Internetnotkun. Ekki er krafist þekkingar á teikni-, myndvinnslu- eða umbrotsforritum. Kennari er Sæþór Vído. Námskeiðið verður haldið í lok þessa árs og við upphaf næsta. Námskeiðinu lýkur með 80% mætingu og verkefnaskilum.

NÝTT

Tími:	Þriðjudaga, fimmtudaga og annan hvern laugardag.
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	21.000
Fjöldi:	Lágmark 10 manns
Kennari:	Sæþór Vído o.fl

Kvikmyndasmiðja kvöldnámskeið :: 120 kennslust.

Kvikmyndasmiðja er hagnýtt verklegt nám þar sem námsmenn kynnast grunnþáttum kvikmyndagerðar, læra uppbyggingu handrits stuttmynda og þroska myndmál sitt. Námið fer fram með stuttum fyrirlestur, hóp og einstaklingsvinnu, þar sem kennarinn dregur fram aðalatriðin við kvikmyndagerð. Markmið náms í Kvikmyndasmiðjunni er að námsmaður tileinki sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð sem krafist er við kvikmyndagerð, lestur myndmáls, hljóðvinnslu og eftirvinnslu kvikmynda. Námsmenn vinna að gerð þátta, stuttmynda og við aðrar upptökur í samvinnu og undir handleiðslu. Megináhersla er lögð á að námsmenn öðlist færni með námi gegnum vinnu, þannig að þeir afli sér þekkingar og leikni með vinnu sinni. Kvikmyndasmiðjan er 120 kennslustundir og verður kennt sem dagnámskeið, þegar næg þátttaka næst. Kennt verður eftir samþykktri námsskrá Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum og Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins. Mennta og menningar- málaráðuneyti hefur veit leyfi til að meta megi námið til allt að 10 einingum í framhaldsskóla. Engin inntökuskilyrði eru fyrir þátttöku og ekki er krafist þekkingar á kvikmyndaöku. Námskeiðinu lýkur með 80% mætingu og verkefnaskilum.

NÝTT

Tími:	Tvisvar í viku síðdegis og fram á kvöld og annan hvern laugardag
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	21.000
Fjöldi:	Lágmark 10 manns
Kennari:	Sighvatur Jónsson o.fl

Náms- og starfsráðgjöf hjá Visku

Hefur þú verið að velta fyrir þér námi og störfum?

Viska býður upp á margvíslega ráðgjöf fyrir einstaklinga, hópa og fyrirtæki. Ráðgjöfin er ókeypis fyrir einstaklinga og þar er aðstoðað við að

- finna upplýsingar um nám og störf.
- kanna áhugasvið og færni.
- skoða möguleika á námi og starfi.
- setja sér markmið.
- setja upp ferilskrá.
- taka ákvarðanir um nám og störf.
- takast á við hindranir.
- takast á við prófkviða.
- takast á við persónuleg málefni.
- takast á við námsörðugleika (t.d. lesblindu o.fl.).
- tileinka sér árangursrík vinnubrögð í námi.
- undirbúa sig undir háskólanám.
- vinna færnimöppu.



SÓLRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR
náms- og starfsráðgjafi

Hægt er að bóka viðtal og fá nánari upplýsingar um þjónustuna hjá **Sólrúnu Bergþórsdóttur** náms- og starfsráðgjafa í síma **481-1950 / 866-7837** eða með tölvupósti á solrunb@eyjar.is

MENNING OG ÚTIVIST

Stjörnufræði grunnnámskeið :: 18 kennslust.

Til stendur að bjóða enn á ný upp á hið geysivinsæla námskeið í stjörnufræði fyrir byrjendur. Þátttakendum verður kennt að þekkja helstu kennileiti á himni á námskeiði stendur í átta vikur.

Þá verður farið lauslega yfir helstu atriði stjörnufræðinnar, svo sem vetrarbrautina, önnur sólkerfi, halastjörnur, loftsteina, sprengistjörnur, stærð og myndun alheimsins, geimferðir og fleira.

Hugmyndin er að á námskeiðinu verði eitt til tvö kvöld þar sem nemendur fara í stjörnuskoðun. Þar verður farið í helstu kennileiti á himni s.s. stjörnumerki og reikistjörnur, en hið síðara þar sem nemendum gefst kostur á að skoða fyrirbæri á himni t.d. tungl Júpíters í stjörnusjónauka, en þetta ræðst af skyggni þessi kvöld. Verkefninu lýkur með 80% mætingu.

Tími:	Ákveðið þegar næg þátttaka fæst. Þriðjudaga.
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	21.000
Fjöldi:	Lágmark 10 manns
Kennari:	Karl Gauti Hjaltason

Menn, haf og hraun :: 9 kennslust.

NÝTT

Saga í útilistaverkum á Heimaey.

Fyrir Heimaeyjargosið 1973 voru hér aðeins tvö útilistaverk en í dag eru þau rúmlega sextíu.

Engin opinber skrá er til um þessi verk. Hist verður tvö kvöld í húsnæði Visku, rífað upp hvar þessi verk eru, af hvaða tilefni þau voru reist, af hverjum og til hvers og þau skráð með aðstoð þátttakenda ásamt mynd. Að lokum verður farið í vettvangsferð og nokkur verkanna skoðuð í návígi. Verkefninu lýkur með 80% mætingu.

Tími:	9., 16. og 20. apríl
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	Afmælisverkefni Visku og því þátttakendum að kostnaðarlausu
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Helga Hallbergsdóttir

Hlaupanámskeið :: 12 kennslust.

NÝTT

Til að tryggja að hlaupaþjálfun verði ánægjuleg og skemmtileg reynsla og að árangur verði sem mestur án vandræða, er mjög mikilvægt að þekkja nokkur grundvallaratriði í þjálfun og hvernig má hámarka árangur.

Á námskeiðinu verður farið í eftirfarandi þætti:

- Hvað þarf að hafa í huga þegar farið er af stað
- Æfingahugtök, æfingamarkmið, áætlanir og þjálfun með púlsmæli
- Hlaupastíll
- Mataræði
- Teygjur og styrktaræfingar
- Meiðsli og fyrirbyggjandi aðgerðir
- Útbúnaður og val á t.d. skóm, fatnaði og öðrum tækjum
- Almenningshlaup og undirbúningur fyrir hlaup
- Margt fleira.

Tími:	Verður haldið eftir páska
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	11.000
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Sigmar Þróstur Óskarsson

Jarðsaga Vestmannaeyja :: 12 kennslust.

NÝTT

Tvisvar 2 klst. í fyrirlestra og tvisvar 2 klst. í vettvangsferðir.

Fyrirlestrar:

Almennur inngangur um jarðfræði Íslands. Farið yfir jarðsögu Vestmannaeyja. Byrjað á Heimaeyjargosinu og skoðaðar hinar ýmsu gosmyndanir í öfugri tímaröð aftur til þess tíma er eldvirkni hófst í Vestmannaeyjakerfinu fyrir um 100.000 árum. Áhersla er lögð á myndun Heimaeyjar en einnig er fjallað um myndun úteyjanna. Verkefninu lýkur með 80% mætingu.

Vettvangsferðir:

Annars vegar Norðurklettarnir og hins vegar suðurhluti Heimaeyjar. Skoðaðar verða hinar ýmsu bergmyndanir og spáð í hvernig þær urðu til.

Tími:	19. mars og 2. apríl fyrirlestrar og 23. mars og 6. apríl göngur
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	Afmælisverkefni Visku og því þátttakendum að kostnaðarlausu
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Ingar Atli Sigurðsson jarðfræðingur

Örnefni í Vestmannaeyjum :: 12 kennslust.

NÝTT

Fjórir 2 klst fyrirlestrar.

Efnistöð:

Farið verður yfir helstu örnefni á Heimaey og töluvert í úteyjum. Saga Vestmannaeyja fléttuð inn í. Víða má finna frásagnir sem skýra nafngiftir beint en í öðrum tilfellum þarf að leita að vísbendingum í gömlum sögnum eða rituðum heimildum. Meðal annars verður farið yfir sóknarlýsingar fyrri alda í þeim tilgangi sem og fleiri bækur um Vestmannaeyjar. Verkefninu lýkur með 80% mætingu.

Tími:	20. febrúar, 27. febrúar, 6. mars og 13. mars
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	Afmælisverkefni Visku og því þátttakendum að kostnaðarlausu
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Ólafur Týr Guðjónsson framhaldsskólakennari

Veðurfar í Eyjum :: 4 kennslust.

NÝTT

Á námskeiðinu um verður farið í einkenni veðurs og veðurfars í Eyjum. Rakið hver eru áhrif sjávarins, og nálægga fjalla uppi á landi á m.a. hita, vind, skýjafar, úrkomu og jafnvel snjóalög. Skoðað verður hversu mikil áhrif sjávarhitinn hefur á veðurfar. Einnig verður fjallað um hvaða gagn má hafa af veðurspám og hvernig þekking fólks á staðbundnu veðri getur aukið gagnsemi þeirra.

Tími:	5. mars kl. 19:30
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	Afmælisverkefni Visku og því þátttakendum að kostnaðarlausu
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur

Google Apps, Dropbox, Veraldarvefurinn :: 12 kst.

Markmið:

Eftir námskeið eiga nemendur að:

- Þekkja helstu aðferðir skjalastjórnunar í Windows
- Geta útbúið vinnumöppur og undirmöppur, gefið þeim heiti og vera klár á mikilvægi vistunar gagna.
- Þekkja helstu leitarvél á veraldarvef
- Kunna skil á helstu verkfærum Google Apps svo sem pósterfi, dagatalakerfi og ritvinnslukerfi
- Setja upp Dropbox og kunna að vista skjöl þar ásamt því að miðla upplýsingum með öðrum.

Námskeiðslýsing:

Grunnnámskeið í skjalastjórnun í Windows umhverfi. Búa til möppur og undirmöppur. Áhersla lögð á mikilvægi skipulagðra vinnubragða í skjalastjórnun í Windows. Vistun gagna og flokkun. Hvernig á að uppfæra stýrikerfi og sækja nýjar uppfærslur. Eins skoðum við helstu forrit í Windows stýrikerfinu ásamt Microsoft Office pakka. Veraldarvefur skoðaður. Farið yfir Google leitarvél og helstu skipanir skoðaðar varðandi leit og leitarniðurstöður ásamt öðrum upplýsingaveitum. Nemendur fá þjálfun gerð bókarmerkja (favorites). Kynning og kennsla í Google Apps. Þar verður farið yfir póstorritið Gmail, Google calendar sem er miðlægt dagatalakerfi og dagbók, Google docs þar sem hægt er að geyma allar tegundir skráa og veita öðrum aðgang að þeim til að vinna í þeim sameiginlega á rauntíma. Jafnframt fá nemendur kynningu og þjálfun í Google plus samskiptavefnum. Kynning og kennsla í notkun Dropbox. Dropbox er góð lausn fyrir þá sem þurfa að senda frá sér stór skjöl sem ekki er hægt að senda með t.d. Tölvupósti vegna stærðar gagnanna. Við uppsetningu á Dropbox, skrifar forritið sig inni stýrikerfi tölvunnar og býr til möppu. Þegar gögnin eru vistuð í þeirri möppu má nálgast þau hvar sem er úr annarri tölvu með lykilorði og leyfinúmeri (password/username). Námskeiðið er þrjú skipti fjórir tímar í senn. Verkefninu lýkur með 80% mætingu og virkri þátttöku í verkefnum.

Tími:	Ákveðið þegar næg þátttaka fæst. Þriðjudaga og fimmtudaga.
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	22.000
Fjöldi:	Lágmark 8 manns hámark 15
Kennari:	Hallgrímur Njálsson

Facebook fyrir eldri borgara :: 6 kennslust.

Skemmtilegt byrjendanámskeið sem hjálpar þér að finna gömlu vinina og skoða hvað börnin, barnabörnin og/eða ættingjar eru að gera. Hver og einn fær aðstoð við að búa til sína eigin Facebook síðu og aðlaga hana að eigin óskum. Kennst verður að send skipaboð, kveðjur, setja inn myndir og spjalla við vini og vandamenn. Ekkert að hræðast, það geta allir lært að nota Facebook auðveldlega. Námskeiðið er tvö skipti.

Tími:	Ákveðið þegar næg þátttaka fæst. Miðvikudaga.
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	10.000
Fjöldi:	Lágmark 10 manns
Kennari:	Davíð Guðmundsson

Tölvunámskeið fyrir eldri borgara og óvana :: 30 kst.

Námskeiðið er sniðið að þörfum eldri borgara eða þeim sem lítið hafa notað tölvur, engin undirstaða er nauðsynleg. Yfirferðin er hæg og reglulega lítið um öxl og upprifjunaræfingar gerðar. Markmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa um að nota tölvu til að skrifa texta, setja hann snyrtilega upp og prenta. Fara á netið og taka á móti pósti og senda póst. Leita eftir gagnlegum upplýsingum á netinu. Allir námsþættir eru kenndir frá grunni og vönduð námsgögn eru innifalín í verði námskeiðsins. Verkefninu lýkur með 80% mætingu.

Tími:	Ákveðið þegar næg þátttaka fæst. Miðvikudaga
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	30.000
Fjöldi:	Lágmark 8 manns hámark 15.
Kennari:	Davíð Guðmundsson

Myndaalbúmið í tölvunni :: 9 kennslust.

Kennt verður hvernig myndir eru fluttar úr myndavélinni í tölvuna og hvernig best er að skipuleggja og hvernig hægt er að lagfæra myndirnar. Unnið verður í Picasa en það er skemmtilegt og einfalt myndvinnsluforrit sem hægt er að sækja ókeypis á Internetið. Með forritinu er hægt að breyta og lagfæra myndir, senda í tölvupósti og setja þær á netið eða vista myndirnar á geisladisk. Námskeiðið er aðeins þrjú kvöld. Verkefninu lýkur með 80% mætingu.

Tími:	Ákveðið þegar næg þátttaka fæst á miðvikudögum.
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	7.500
Fjöldi:	Lágmark 8 manns hámark 15.
Kennari:	Hallgrímur Njálsson.

Lærðu á iPad á einu kvöldi :: 3 kennslust.

NÝTT

Nýttu þér alla kosti iPadsins

Farið verður í grunnatriði iPad spjaldtölvunnar frá Apple. Tengimöguleikar, flýtleiðir, tölvupóstur, grunnstillingar o.s.frv. Einnig verður sýnt hvernig sækja má forrit (apps), hvernig á að hláða inn myndum, tónlist, skjölum og fl. Þeim sem ekki hafa stofnað reikning hjá Apple verður leiðbeint í gegnum það. Þátttakendur þurfa að hafa iPad með sér á námskeiðið og hafa netfang sem þeir geta nálgast úr hvaða tölvu sem er.

Tími:	Ákveðið þegar næg þátttaka fæst.
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	6.900
Fjöldi:	Lágmark 8 manns hámark 15.
Kennari:	Andri Hugo Runólfsson

www.viskave.is

TÓMSTUNDIR OG LISTIR

Snjallsíminn minn :: 4 kennslust.

NÝTT

Síminn býður áhugasömum viðskiptavinum upp á stutt námskeið þar sem farið er yfir helstu atriði sem gott er fyrir snjallsímaeigendur að vita. Farið verður í gegn um helstu atriði sem gott er að vita auk þess sem við mælum með þeim öppum sem okkur finnst mikilvægust og skemmtilegust hverju sinni.

Tími:	Ákveðið þegar næg þátttaka fæst.
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	
Fjöldi:	Lágmark 8 manns hámark 15.
Kennari:	Starfsfólk frá símafyrirtækjum

Leðurtöskugerð :: 7 kennslust.

Kennt verður að gera tösku úr leðri. Annað hvort úr gömlum flikum s.s. leðurbuxum eða leðurjakka eða úr nýju leðri Þátttakendur þurfa að koma með saumavélar og leður ef notað er gamalt.

Kennari getur útvegað það efni sem þarf til viðbótar. Leður (nýtt), roð, fóður, lím, rennilás, tvinna, smellur, kósar ofl. Selt á kostnaðarverði. Verkefninu lýkur með verkefni.

Tími:	Ákveðið þegar næg þátttaka fæst á laugardegi
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	9.900
Fjöldi:	Hámark 8 manns
Kennari:	Kolbrún Sveinsdóttir kjóla- og klæðskera-meistari og handmenntakennari

Arfur kynslóðanna :: 9 kennslust.

Á námskeiðinu fá þátttakendur leiðbeiningar um hvernig hægt er að bera sig til við að skrá niður lífshlaup, skemmtilegar sögur – munnmælasögur eða sögur úr lífinu – minningar sem tengjast hlutum eða stað eða annað sem gaman er að varðveita og koma áfram til næstu kynslóða. Einnig verður fjallað um heimildagildi skjala, t.d. ljósmynda, dagbóka og bréfa og rætt um varðveislu þeirra. Þá verður kynning á spurningalistum Þjóðminjasafnsins. Verkefninu lýkur með 80% mætingu og virkri þátttöku.

Tími:	Ákveðið þegar næg þátttaka fæst. Þrjú skipti.
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	9.900
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Ragnar Óskarsson sagnfræðingur og framhaldsskólakennari.



Skapandi skrif og sagnamennska :: 6 kennslust.

Lýsing: Námskeið í skapandi skrifum

Áttu þér draum um að skrifa skáldsögu eða smásögu? Ertu með hugmynd í kollinum sem þú veist ekki hvernig þú átt að meðhöndla? Hvað skiptir mestu máli þegar saga er skrifuð og þarf höfundurinn að vita allt um söguna áður en hann byrjar. Að námskeiðinu loknu hefur þú fengið innsýn í uppbyggingu skáldsögu, persónusköpun og hvernig maður fangar athygli lesenda.

Fyrra kvöldið fá þeir sem vilja verkefni sem þeir segja frá seinna kvöldið, ef þeim hentar. Nokkur ritunarverkefni verða bæði kvöldin. Unnið verður á tölvu og mega þátttakendur sem vilja koma með sína eigin tölvu annars er hægt að fá tölvu skaffaða á staðnum. Verkefninu lýkur með 80% mætingu og virkri þátttök.

Tími:	Ákveðið þegar næg þátttaka fæst. Tvö kvöld.
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	9.900
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Ragnar Óskarsson sagnfræðingur og framhaldsskólakennari

Gæddu garðinn nýju lífi :: 24 kennslust.

Á þessu námskeiði er öll lóðin undir og kenndar verða aðferðir til þess að hugsa lóðina sem eina heild. Námskeiðið er fyrir garðeigendur og fjallar um skipulag lóðar og ótal möguleika sem felast í útfærslu á hugmyndum. Fjallað verður um gróður sem þrífst í hafrænu loftslagi. Fjallað verður um jarðveg, áburð og umhirði og um útivistina, áhrif veðurs og hvernig skipulag lóðar getur aukíð ánægju garðeigandans. Sýndar verða teikningar, ljósmyndir og ýmsar hugmyndir til þess að auka ánægjustundirnar í garðinum. Þátttakendur fá tækifæri til að grúska, skoða á netinu og jafnvel teikna á milli þess að hópurinn hittist næst. Verkefninu lýkur með 80% mætingu.

Tími:	Ákveðið þegar næg þátttaka fæst. Þrjár laugar dagar
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	29.000
Fjöldi:	Lágmark 10 manns
Kennari:	Auður Ingibjörg Ottesen garðyrkjufraeðingur með meiru.



Matjurtarækt :: 8 kennslust.

Námskeið um ræktun, umhirðu og notkun matjurta. Á námskeiðinu er fjallað um sáningu, ræktun og umönnun í ræktun matjurta. Greint er frá hefðbundnum og óhefðbundnum ræktunaraðferðum, jarðvegi og áburðargjöf, sýndar mismunandi gerðir ræktunarbeða, karma og skjólgjafa. Saga matjurtaræktar á Íslandi reifuð, skýrt frá uppruna tegundanna sem teknar eru til umfjöllunar, eðliseinkennum um 40 tegunda og yrkja ásamt því að fjalla litillega um hollustu og lækningamátt matjurta. Farið er yfir sjúkdóma og skordýr sem hrjá matjurtir og um notkun eitrefna og lífrænna lausna gegn vágestum og sjúkdómum og lýst nokkrum aðferðum við geymslu og matreiðslu.

Kennarinn Auður I Ottesen garðyrkjufræðingur. Hún býr yfir margra ára reynslu í ræktun matjurta og hafa fylgst vel með nýjungum og möguleikum sem grænmetisrækt býður upp á hér á landi. Þau eru bæði garðyrkjufræðingar. Auður er einn höfunda bókarinnar Matjurtir. Verkefninu lýkur með 80% mætingu.

Tími:	Ákveðið þegar næg þátttaka fæst. Einn laugardagur
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	6.500
Fjöldi:	Lágmark 10 manns
Kennari:	Auður Ingibjörg Ottesen garðyrkjufræðingur með meiru.

Kryddjurtir :: 3 kennslust.

Námskeið um ræktun kryddjurta og notkun þeirra í matseld. Á námskeiðinu verður farið yfir helstu tegundir kryddjurta sem ræktaðar eru utandyra, í eldhúsglugganum eða undir ljósi. Hvernig ræktun þeirra er háttáð, um sáningu þeirra, forræktun og gróðursetningu. Fjallað um jarðveg, áburðargjöf og umhirðu, gefinn gaumur að helstu meindýrum og sjúkdómum sem herja á jurtirnar og hvernig best er að verjast þeim. Farið yfir ræktun þeirra og hvað þarf að gera til að ná góðri uppskeru. Læra að þekkja kryddjurtirnar og um nýtingu þeirra, geymsluaðferðir og möguleikana í matseld. Kennit verður meðal annars hvernig á að rækta dill, steinselj, garðablóðberg (timían) og fenniku og ýmsar aðrar tegundir.

Tími:	Ákveðið þegar næg þátttaka fæst. Verður haldið sama dag og matjurtanámskeiðið.
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	3.500
Fjöldi:	Lágmark 10 manns
Kennari:	Auður Ingibjörg Ottesen garðyrkjufræðingur með meiru.



Sykurmassa- skreytinganámskeið :: 4 kennslust.

Viska mun bjóða upp á sykurmassa-skreytinganámskeið þegar næg þátttaka hefur fengist, námskeiðið er ein kvöldstund og mun standa í um 3 til 4 klukkustundir. Kennari er í Eyjum.

Á námskeiðinu verða búnar til nokkrar sykurmassaskreytingar, m.a. rósir og liljur og kennt verður hvernig nota eigi mót til þess að búa til skreytingar. Auk þess verður kennt hvernig hægt er að skreyta smákökur með sykurmassa ásamt því hvernig sykurmassinn er bragðmættur. Farið verður yfir áhöld sem henta við skreytingar og kennt hvernig þau eru notuð. Hver þátttakandi fær 6 bollakökur til þess að setja skreytingarnar á sem hann tekur svo með sér heim. Notaður verður tilbúinn sykurmassi og Gum Paste á námskeiðinu og útskýrður muninn á efnunum og hvenær skal nota Gum Paste í stað sykurmassa. Það er ekki nauðsynlegt að kunna að búa til sykurmassa né hafa nokkra reynslu af notkun hans. Verkefninu lýkur með virkri þátttöku.

Tími:	Ákveðið þegar næg þátttaka fæst.
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	9.500
Fjöldi:	Lágmark 8 manns hámark 15.
Kennari:	Ragnheiður Sveinþórsdóttir

Bollakökunámskeið- Cupcakes :: 4 kennslust.

Viska mun bjóða upp á bollakökunámskeið þegar næg þátttaka hefur fengist, námskeiðið er ein kvöldstund og mun standa í um 4 klukkustundir.

Á námskeiðinu verður kennt að baka þrjár nýstárlegar og öðruvísi bollakökur. Kennit verður að sprauta mismunandi skreytingar á bollakökur úr smjörkremi. Farið verður yfir mismunandi stúta og m.a. kennt að sprauta rósir, laufblöð, körfur, smáblóm o.fl.

Hver þátttakandi fær 6 bollakökur til þess að setja skreytingarnar á sem hann tekur svo með sér heim. Nánari upplýsingar verður að finna á Facebooksíðu Visku.

Tími:	Ákveðið þegar næg þátttaka fæst.
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	9.500
Fjöldi:	Lágmark 8 manns hámark 15.
Kennari:	Ragnheiður Sveinþórsdóttir



MATREIÐSLA

Flottir forréttir, skemmtilegir smáréttir :: 5 kst.

Matreiðslunámskeið fyrir þá sem vilja töfra fram flotta smárétti fyrir sérstök tilefni eins og t.d afmæli eða fermingar

Matseðill námskeiðsins er:

Parma -skinku /osta salat með heitri balxamic dressingu
Beikonvafið ýmislegt, döðlur, pulsubrauð, olivubrauð, hörpuskel (humar)

Ristað smábrauð með laxi, brie, lifrarkæfu og fleira góðgæti
Eggaldinrúllur með ostafyllingu og salati

Fyllt egg og grænmeti, tómatar, gúrkur, o.fl.

Baunasalat með pepperoni og hnetum

Réttur til breytinga er áskilinn. Verkefninu lýkur með virkri þátttöku.

NÝTT

Tími:	Seinni part febrúar
Staður:	Barnaskóli Vestmannaeyja
Verð:	13.500
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Anna Margrét

Lærðu að búa til þitt eigið Sushi :: 5 kennslust.

Bókin Einfaldara Sushi fylgir með. Yfir 600 þátttakendur hafa sótt þetta námskeið!

Nú getur þú lært að búa til þitt eigið sushi. Á námskeiðinu eru kennd handbrögðin við helstu gerðir af sushi s.s. maki rúllur, Californiu rúllur og nigiri sushi.

Allir þátttakendur fá að spreyta sig á því að búa til fjölbreyttar tegundir sushi.

Takmarkaður fjöldi þátttakenda er á námskeiðinu svo að allir fái þann stuðning og aðstoð sem þeir þurfa til að ná góðum tókum á verkefninu.

Innifalið í verði námskeiðsins er bókin Einfaldara Sushi ásamt kennslu DVD-disk. Bókin er á íslensku. Verkefninu lýkur með virkri þátttöku.

NÝTT

Tími:	19. apríl kl. 17:00
Staður:	Barnaskóli Vestmannaeyja
Verð:	13.500
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Guðmundur Finnbogason



Útiöldun :: 6 kennslust.

NÝTT

Lærðu að elda á opnum eldi, prímus og í Hollending. Þetta námskeið hefur verið haldið í fjölda skipta út um allt land. Námskeiðið er fyrir alla þó að það henti sérstaklega vel fyrir kennara sem vilja prófa sig áfram í útiöldun og útikennslu.

Námskeiðið hentar líka sérstaklega vel fyrir þá sem vilja gera eitthvað nýtt í sumar hvort sem það er í bakgarðinum eða á ferðalögum um landið.

Þátttakendur þurfa að koma klæddir til útiveru enda fer námskeiðið fram utandyra. Veljið fatnað sem að má lykta af reykt. Námskeiðið er 3 klukkustundir að lengd.

Dagskrá námskeiðsins:

Kveikjum eld. Reglur og ráð við eldinn.

Hollendingurinn, spennandi nýjung í útiöldun.

Prímusinn og helstu umgengnisreglur við hann.

Eldaðir eru 5-6 réttir sem að eru borðaðir að loknu námskeiðinu.

Það fer engin svangur heim!

Tími:	20. apríl kl. 12:00
Staður:	Barnaskóli Vestmannaeyja
Verð:	13.500
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Guðmundur Finnbogason

Framandi nýir réttir hjá Yesmine :: 4 kennslust.

Nýtt matreiðslunámskeið með listakokkinum Yesmine Olsson. Yesmine sem er fædd á Sri Lanka en alin upp í Svíþjóð hefur í rúman áratug verið búsett á Íslandi og kennt Íslendingum heilsurækt, dans og framkomu fyrir framan sjónvarpsvélur. Matreiðsla er þó hennar mesta ástríða og hefur hún gefið út þrjár matreiðslubækur þar sem hún blandar saman indverskri og arabískri matreiðslu á sinn einstaka hátt. Á þessu nýja námskeiði heldur Yesmine áfram að kenna okkur heilsusamlega, framandi og freistandi matreiðslu frá fjarlægum heimshornum. Sem áður er aðaláherslan á indverska matreiðslu með arabísku og nú líka tælensku ívafi, bæði einfalda hversdagsrétti sem og spennandi veislurétti.

Tími:	Ákveðið þegar næg þátttaka fæst
Staður:	Barnaskóli Vestmannaeyja
Verð:	13.500
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Yesmine Olsson



Spænska :: 30 kennslust.

Námskeiðið er ætlað fólki með litla undirstöðu í spænsku. Megin áhersla er lögð á talmál, að byggja upp orðaforða og grunnatriði í málfræði. Gerðar eru talæfingar og framburður æfður. Farið er í samtalsleiki og einnig æfingar í upplestri. Markmiðið er m.a. að nemendur geti átt óformleg, skrifleg samskipti á spænsku. Námskeiðið er samtals 30 kennslustundir.

Tími:	Ákveðið þegar næg þátttaka fæst.
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	30.000
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Robert Hugo Blanco.

Íslenska fyrir útlendinga 1 :: 60 kennslust

Námskeiðið er fyrir byrjendur. Farið er í stafrófið og framburð. Grunnorðaforði, úr daglegu lífi, er æfður með mjög einföldum setningum. Nemendur læra að segja svolítið frá sér, að spyrja einfaldra spurninga og að skilja mjög léttu texta. Þeir æfa mikið að tala og hlusta en lesa líka og skrifa mjög einfaldar setningar. Kennarinn notar margar aðferðir við kennsluna. Farið er í þessi atriði í málfræði: kyn nafnorða, greinir, þolfall, persónufornöfn, spurnarfornöfn, eignarfornöfn, nokkrar forsetningar og lýsingarorð og sagnabeygingar í nútíð.

Level 1, 60 classhours

This is a beginners' course. Students study the Icelandic alphabet, pronunciation and basic vocabulary, related to everyday life, with simple sentences. Students learn how to give basic information about their background, to ask others, and understand basic texts. The chance to practise speaking and listening is given, as well as reading and writing basic sentences. The teacher applies various teaching methods. The following points of grammar are covered: gender of nouns, the article, accusative forms of nouns, personal pronouns, interrogative pronouns, possessive pronouns, some prepositions and adjectives as well as conjugation of verbs .

Tími:	Eftir páska
Staður:	Húsnæði Visku Strandvegi 50
Verð:	34.000
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Jóhanna Lilja Eiríksdóttir



Íslenska fyrir útlendinga 2 :: 60 kennslust

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa nokkra undirstöðu í íslensku. Haldið er áfram að vinna með þá þætti sem tengjast daglegu lífi og starfi einstaklingsins til að auka orðaforða nemanda. Lögð er áhersla á að nemendur geti gert sig skiljanlega í verslun, bakarii, banka, pósthúsi og veitingahúsi og tekið þátt í einföldum samræðum um dagleg málefni, svo sem veður og áhugamál. Eins og áður er lögð áhersla á að kynna nemendum uppbyggingu tungumálsins með hlustun, lestri, ritun, frásögn og samræðum. Haldið áfram að þjálfa íslensk hljóð og framburð. Fjölbreyttum kennsluáðferðum í tungumálakennslu beitt. Leitast er við að gera verkefni þannig úr garði að þau reyni á hæfni nemandans við raunverulegar aðstæður.

Tími:	Eftir páska
Staður:	Húsnæði Visku Strandvegi 50
Verð:	34.000
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Jóhanna Lilja Eiríksdóttir

Á tímamótum :: 18 kennslust.

NÝTT

Umfjöllunarefni: Félagslegir þættir og breytingar sem verða á lífi fólks þegar nálgast starfslok vegna aldurs, atvinnumissis, heilsuþrestra, áhrif á andlegt og líkamlegt heilsufar, sjálfsmynd, lífsgæði og hugarfar við ofangreind tímamót. Áhrif mataræðis, næringar og hreyfingu
Kynning á þjónustu heilsugæslu
Kynning á þjónustu Sveitarfélaga
Kynning á þjónustu Tryggingastofnunar og sjúkratryggingar Íslands Jóna Sveins - útreikningar
Kynning á þjónustu Vinnuálastofnunar
Kynning á réttindum lífeyrissjóðs
Kynning á réttindum í stéttarfélögum
Kynning á samtökum eldri borgara
Starfsemi Starfsorku

Tími:	Hefst í lok febrúar
Staður:	Húsnæði Visku Strandvegi 50
Verð:	10.000 kr.
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Guðrún Erlingsdóttir og fleiri.

Er hægt að gera hollt gott og gott hollt? :: 4 kst.

Guðrún Erlingsdóttir heilsuameistarani kemur hvernig hægt er að bæta mataræði og fá það besta út úr fæðunni.

Innifalið í námskeiðsgjaldi er mappa með fróðleik og upplýsingum ?

NÝTT

Tími:	Í febrúar
Staður:	Húsnæði Visku Strandvegi 50
Verð:	5000
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Guðrún Erlingsdóttir

Menntun skapar tækifæri

- kynntu þér möguleikana



Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni

Verkalyðsfélögin sjá um afgreiðslu einstaklingsstyrkja í umboði sjóðsins

Sjóðurinn styrkir starfsmenntun í fyrirtækjum



Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401
www.landsmennt.is • landsmennt@landsmennt.is

Þín leið til fræðslu



Ríkismennt styrkir starfsmenntun innan stofnana ríkisins á landsbyggðinni

Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna

Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur

Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélagin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar



Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401
www.rikismennt.is • rikismennt@rikismennt.is

Styrkur þinn til náms



Sveitamennt styrkir starfsmenntun innan sveitafélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni

Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna

Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur

Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélagin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar



Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401
www.sveitamennt.is • sveitamennt@sveitamennt.is

NÁMSMANNA- ÞJÓNUSTA

Á hvaða skólastigi sem þú ert við nám og hvort sem það er hér heima eð erlendis, þá getur *Sparisjóðurinn þinn* veitt þér fjölbreytta og góða þjónustu. Það munar um minna.



SPARISJÓÐUR

Vestmannaeyja

vís umboðsaðili í Eyjum